

Námsmat í Lágafellsskóla

Markmiðið með námi er að auka hæfni nemenda. Lýsingar á markmiðum skulu alfarið beinast að því sem nemandi á að geta gert við lok hvers skólaárs.

- Samkvæmt aðalnámskrá á að meta hæfni en ekki fjölda eða magn þekkingaratriða
- Hæfni samanstendur af þekkingu og leikni. Hæfni er ekki endilega að muna allt utanað heldur hversu vel þú getur nýtt þér það sem þú ert að læra hverju sinni við að leysa verkefni.
- Hæfniviðmið fyrir allar greinar birtist í Aðalnámskrá.

Unnið er með hæfniviðmið og hefur nemandi tækifæri til að bæta hæfni sína jafnt og þétt. Við lok skólagöngu er verið að horfa á hver raunveruleg hæfni nemandans er og byggir lokamat á því.

Stuðst er við skilgreindar hæfnilýsingar við námsmat og er notast við kvarða til að sjá hvaða einkunn passar best við hæfni nemandans.

Lokamat	Útskýring á lokamati Matsviðmið
A	Nemandi hefur náð framúrskarandi tókum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir við lok annar
B+	Nemandi hefur náð góðum eða mjög góðum tókum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir við lok annar, auk þess sem hann hefur sýnt fram á framúrskarandi hæfni á einhverjum sviðum
B	Nemandi hefur náð tókum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir við lok annar
C+	Nemandi hefur náð tókum á hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð
C	Nemandi hefur náð tókum á hulta af þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum
D	Nemandi hefur ekki náð tókum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar

Mikið er lagt upp úr því að nemendur og foreldrar fylgist vel með námsframvindu á Mentor.

Hér má finna ýmsar upplýsingar frá yfirvöldum sem og leiðbeiningar frá Mentor.

[Aðalnámskrá](#). Sjá kafla um námsmat á bls. 54 – 59 og kaflar um námsgreinar bls. 84 – 229.

[MMS upplýsingar um námsmat](#)

[Leiðbeiningarbæklingur Menntamálastofnunar um lokaeinkunn í 10.bekk](#)

[Leiðbeiningar frá Mentor](#) - þarna er hægt að sjá hvernig skoða má námsmat nemenda á Mentor